

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi árið 2007.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Sveitarfélaginu Ölfusi sbr. b-lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi skal vera kr. 8.700 á árinu 2007.

Gjaldið greiðist á gjalddaga, 1. maí en eindagi er 31. maí.

2. gr.

Handsömunargjald skv. b-lið 2. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 3.718 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 5.469 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Ölfusi nr. 772/1999 og gildir fyrir árið 2007.

Ölfusi, 27. desember 2006.

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2007